

**Fundargerð fundar samstarfsnefndar
Sambands íslenskra sveitarfélaga
og
Kennarasambands Íslands
Félags stjórnenda leikskóla**

10. fundur samstarfsnefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands vegna Félags stjórnenda leikskóla var haldinn miðvikudaginn 2. mars 2016 og hófst hann kl. 14:00. Fundinn sátu Ingibjörg Kristleifsdóttir og Elísabet H. Pálmadóttir af hálfu FSL. Af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga Atli Atlason og Bjarni Ómar Haraldsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

Pá var gengið til dagskrá

1. Lenging á launatöflum kjarasamnings með gildistíma frá 1. júní til 31. mars 2019.

Niðurstaða:

Samstarfsnefnd er sammála um að lengja launatöflu leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérfræðinga á skólaskrifstofum í gildandi kjarasamningi um fimmtán launaflokka og verður hún birt á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga og Kennarasambands Íslands og síðar við útgáfu heildarkjarasamnings.

2. Framlag í Orlofssjóð samkvæmt grein 1.4.9 lækkar frá og með 1. júní 2016.

Niðurstaða:

Samþykkt er að lækka framlag í orlofssjóð FSL úr 0,5% í 0,25%. Þessi breyting tekur gildi frá og með 1. júní 2016. Í staðinn mun 0,25% framlag fara í nýjan sjóð, Starfsþróunarsjóð FSL auk 0,1% framlags sbr. bókun 1 í kjarasamningi aðila. Samtals rennur því 0,35% framlag af heildarlaunum félagsmanna stjórnenda í nýjan starfsþróunarsjóð. Grein 4.9.1 um orlofssjóð mun því hljóða svo frá 1. júní 2016:

4.9.1. Launagreiðandi greiðir 0,25% framlag af heildarlaunum félagsmanna Félags stjórnenda leikskóla í orlofssjóð Kennarasambands Íslands.

3. Nýr Starfsþróunarsjóður FSL.

Niðurstaða:

Við lækkun framlags í orlofssjóð FLS úr 0,5% í 0,25% varð til nýr sjóður, Starfsþróunarsjóður Félags stjórnenda leikskóla. Auk 0,25% framlags í sjóðinn sem greiðist af heildarlaunum félagsmanna mun 0,1% sbr. bókun 1 í kjarasamningi einnig renna til sjóðsins. Ný grein 10.6.2 um Starfsþróunarsjóð Félags stjórnenda í leikskólum mun hljóða svo frá 1. júní 2016:

10.6.2. Launagreiðandi greiðir 0,35% framlag af heildarlaunum félagsmanna FSL í nýjan starfsþróunarsjóð Kennarasambands Íslands vegna Félags Stjórnenda í leikskólum.

Fleira ekki gert og fundi slitið klukkan 14:15.